

**Ed.**

**82. Nefndarálit**

[58. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á 4 fundum.

Mætti fjármálaráðherra á einum fundi n. og upplýsti þar meðal annars, að fyrirhuguð lengd lántíma væri 3—10 ár, gert væri ráð fyrir 6% vöxtum fyrstu árin, en síðan hækkandi, þannig að meðalvextir fyrir 10 ára tímabil yrðu 7.2%, og yrði þeim hluta lánsins, er varið yrði til verklegra framkvæmda, varið til raforkuframkvæmda, hafna, vega, sjúkrahúsa- og skólabygginga, kísilgúrverksmiðju og atvinnubótasjóðs.

Nefndin flytur öll brtt. á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir undirritaður meiri hl. með samþykkt frv., en þeir HB og KK áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt. BJ skilar séráliti.

Alþingi, 12. nóv. 1964.

Ólafur Björnsson,  
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,  
fundaskr.

Helgi Bergs.

Magnús Jónsson.

Karl Kristjánsson.

Þorv. G. Kristjánsson.